

Nr. 013 / 14 Guðmundur í Nesi RE 13***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2626 IMO nr. 9235438
Smíðaður: Tomrefjord Noregi 2000, stál
Stærð: 1315 brl. 2464 bt.
Mesta lengd: 66 m Skráð lengd: 59,43 m
Breidd: 14 m Dýpt: 8,67 m
Vél: Wärtsilä 5520 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 18



Guðmundur í Nesi ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. febrúar 2014 var Guðmundur í Nesi RE 13 við togveiðar djúpt norður af Hornbjargi. Veður: 18-20 m/sek


Verið var að hífa trollið og voru tveir skipverjar að störfum við nálabeckinn á meðan beðið var eftir trollinu. Annar fór að brýna hnífinn sinn en við það gekk hnífurinn úr brýninu í handarjaðar hægri handar sem skarst í sundur.

Eftir að trollið var komið upp var sett á ferð til Ísafjarðar til að koma slasaða undir læknishendur. Eftir samtal skipstjóra við lækni var ákveðið að sækja slasaða með þyrlu.

Við rannsókn kom fram:

- að hnífurinn var tenntur netahnífur og brýnið var handbrýni frá „Victorinox“.
- að slasaði sagði að nálakarfa hafi hangið á nálabecknum og við annan hanka hennar hafi brýnið hangið í um 15 sm löngu snæri. Hann hafi því orðið að standa í keng við verkið yfir nálakörfunni og því ekki haft nægjanlegt jafnvægi þegar skipinu var beygt. Hnífurinn hafi þá lent utan við brýnið sem var fast við körfuna;

- að leiðbeiningar brýnisframeiðanda um notkun þess er að hnífshakkinn sé lagður á stöðugt undirlag, eins og borð, og klofi brýnisins rennt eftir egginni eins og sýnt er hér að neðan;



GB English

This moderately priced sharpener allows you to resharpen blunt blades very quickly: **1.** pull over the cutting edge 2 to 4 times with some pressure. **2.** pull over the cutting edge 4 to 6 times with light pressure to smooth the edge. The already large durability may be quadrupled by turning the hard metal plates.

- að slasaði sagðist hafa skoðað leiðbeiningar með brýninu eftir slysið en þegar hann fékk fyrst svona brýni í hendur fyrir fjölmörgum árum hafi leiðbeiningarnar verið með öðrum hætti, sem sé sú, að stinga hnífnum í klofa brýnisins og draga hann út úr því.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að ekki var beitt rétri aðferð við að brýna hnífinn.